

## Eigendastefna fyrir sjóði Landsbréfa hf.

### um nýtingu á atkvæðisrétti tengdum fjármálagerningum í eigu sjóða félagsins

#### Almennt um gildissvið og markmið

##### 1. gr.

Stefna þessi gildir um nýtingu atkvæðisréttar sem fylgja kann einstökum fjármálagerningum í eigu verðbréfasjóða og sérhæfðra hlutdeildarsjóða í rekstri Landsbréfa (hér eftir „sjóðir Landsbréfa“).

Markmið stefnunnar er að tryggja að nýting atkvæðisréttar sem fylgir fjármálagerningum sjóða Landsbréfa sé í þágu hagsmuna sjóðanna og hlutdeildarskírteinishafa þeirra. Stefnan er einnig sett í þágu gagnsæis þannig að fyrirfram liggi fyrir þau viðmið sem höfð eru til hliðsjónar við mat á því hvort og þá hvernig atkvæðisréttur er nýttur.

#### Nefnd um nýtingu atkvæðisréttar

##### 2. gr.

Framkvæmdastjóri Landsbréfa stýrir sérfræðingahópi sem fjallar um tillögur sem lagðar eru fyrir hluthafafundi og aðra ákvörðunarbæra fundi sem tengjast fjármálagerningum í eigu sjóða Landsbréfa. Framkvæmdastjóri tilnefnir tvo til fjóra aðra einstaklinga sem hann metur hæfa til setu sem aðalmenn í nefndina og skipar jafnframt einn eða fleiri varamenn í nefndina. Ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formanns.

Sjóðstjórar þeirra sjóða sem eiga þá fjármálagerninga sem ákvörðun tengist skulu ávallt mæta á fundi nefndarinnar þar sem ákvörðun er til umræðu og leggja fyrir hana tillögu sína um meðferð atkvæðisréttar. Ef um er að ræða fleiri en einn sjóð sem stýrt er af mismunandi sjóðstjórum skulu sjóðstjórar bera sameiginlega upp tillögu og ef þeir eru ekki sammála skal það hlutverk nefndarinnar að taka afstöðu til nýtingar atkvæðisréttar. Tillögur sjóðstjóra skulu jafnan liggja fyrir í fundarboði.

Haldnar skulu fundargerðir um fundi nefndarinnar. Í fundargerðum skal að lágmarki koma fram fundartími, hverjir sitja fund, hver ritar fundargerð, dagskrá fundar og ákvarðanir sem teknar eru skulu þar skráðar ásamt forsendum þeirra. Þá skal tekin ákvörðun hver eða hverjir skuli sækja viðkomandi fundi fyrir hönd sjóða Landsbréfa.

Nefndin skal sjá til þess að tekið sé saman yfirlit um nýtingu atkvæðisréttar vegna fjármálagerninga verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta sem skal birt á vefsíðu Landsbréfa.

#### Almenn viðmið

##### 3. gr.

Sjóðstjórum ber að fylgjast með fundarboðunum á fundi sem tengjast fjármálagerningum í eigu sjóða sem þeir stýra. Þegar fram eru komnar tillögur sem bera á undir hluthafafundi eða sambærilega ákvörðunbæra fundi skulu þeir leggja mat sitt á tillögurnar út frá hagsmunum hlutdeildarskírteinishafa og gera rökstudda tillögu um nýtingu atkvæðisréttar fyrir nefnd samkvæmt 2. gr.

Eftirtalin grunnsjónarmið eru höfð til hliðsjónar við mat á því hvort atkvæðaréttur skuli nýttur og þá hver afstaða skuli vera til fram kominnar tillögu:

- fellur tillaga að þeim markmiðum sem sett eru í Stefnu Landsbréfa hf. um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáhættu;
- er tillagan fallin til að styrkja viðkomandi félag og er hún jafnframt almennt fallin til að vera til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa og er hún í samræmi við þá stefnu sem mótuð hefur verið fyrir fjárfestingar sjóða Landsbréfa, ef sú er raunin skal tillagan ávallt studd með atkvæðum Landsbréfa;
- tillögur sem hafa það að markmiði að styrkja góða stjórnarhætti, félagslega þætti og umhverfislega þætti (UFS) skulu almennt studdar með atkvæðum Landsbréfa, enda gengið út frá því að félag sem leggur áherslu á UFS þætti sé almennt betur fallið til að skila eigendum sínum góðri arðsemi til langframa;
- ef ætla má að tillaga muni leiða til neikvæðra áhrifa á samkeppnismál eða feli í sér neikvæðar afleiðingar fyrir umhverfið eða samfélagið skal tillaga öllu jöfnu ekki studd;
- tillögur um greiðslu arðs og/eða eftir atvikum um kaup á eigin bréfum skulu metnar af sérfræðingahópi Landsbréfa og afstaða mótuð meðal annars með tilliti til þess að samþykkt tillögunnar sé ekki fallin til að veikja fjárhagslega burði félagsins til arðsams rekstrar í framtíð miðað við aðstæður viðkomandi félags.

Framkvæmdastjóri Landsbréfa skal sjá til þess að nefnd samkvæmt 2. gr. móti afstöðu til einstakra tillagna tímanlega fyrir viðkomandi fund. Bókað skal hvort fyrirhugað er að mæta á fund, hver sé afstaða til tillagna sem þýðingu hafa fyrir sjóði Landsbréfa og hlutdeildarskírteinishafa og jafnframt ákveðið hver/hverjir skuli fara með atkvæði Landsbréfa á viðkomandi fundi.

#### **Stjórnarkjör** **4. gr.**

Við stjórnarkjör skal horft á samsetningu stjórnar í heild, menntun einstakra frambjóðenda og reynslu þeirra í viðkomandi starfsemi, samskiptahæfni og mannorð. Haft skal að leiðarljósi að kjörin sé stjórn sem sé mönnuð með þeim hætti að hún sem heild myndi vel starfhæfa og faglega öfluga einingu.

Í samræmi við góða stjórnarhætti skal leitast við að stuðla að því að til staðar séu óháðir stjórnarmenn og reglur settar um varnir gegn hagsmunaárekstrum eða fyrir liggi fyrirheit um að slíkar reglur verði settar.

Horft skal til þess að við stjórnarkjör sé tekið tillit til jafnréttis kynja. Jafnan skulu ekki studdir í stjórn einstaklingar þar sem aðstæður eru með þeim hætti að líkur séu á að viðkomandi stjórnarmaður yrði oft vanhæfur til meðferðar einstakra mála. Þegar aðstaða er slík að frambjóðandi í stjórn eða aðilar tengdir honum eða maka hans eiga umtalsverð viðskipti við viðkomandi félag skal það jafnan leiða til þess að slíkur aðili sé ekki studdur í stjórnarkjöri, enda má jafnan draga í efa að slíkur stjórnarmaður sé í hvívetna vel til þess fallinn að gæta hagsmuna félagsins og hluthafa þess.

Almennt skal það ekki standa í vegi fyrir því að einstaklingur sé studdur í stjórnarkjöri að hann sé fjárhagslega tengdur aðila sem á verulegan eignarhlut í félaginu, enda sé hann almennt vel hæfur til að gegna stöðu stjórnarmanns. Er þannig lagt til grundvallar að í slíkum tilvikum fari jafnan saman persónulegir hagsmunir viðkomandi stjórnarmanns og félagsins sem um ræðir og þar með

hlutdeildarskírteinishafa. Lagt skal þó mat á aðstæður hverju sinni og ávallt skal höfð hliðsjón af grunnreglum um góða stjórnarhætti við stjórnarkjör og mat á frambjóðendum til stjórnar. Ef sérfræðingahópur Landsbréfa telur ástæðu til skal hann leita eftir frekari upplýsingum um frambjóðendur til stjórnar og eftir atvikum óska eftir fundi með þeim til að tryggja upplýsta og faglega nýtingu á atkvæðarétti við stjórnarkjör.

### **Starfskjarastefna**

#### **6. gr.**

Þegar afstaða er tekin til starfskjarastefnu sem félög setja sér samkvæmt lögum um hlutafélög skal byggt á því að stefnan sé í samræmi við góða stjórnarhætti. Almennt er gengið út frá því að samkeppnishæf kjör séu forsenda fyrir arðsömum rekstri og þannig í þágu hlutdeildarskírteinishafa. Ef gert er ráð fyrir að kjör séu að einhverju leyti árangurstengd þarf slík tenging að vera byggð á hlutlægum mælanlegum viðmiðum og vera með þeim hætti að hún sé ekki fallin til óhóflegrar áhættusækni starfsfólks.

Kaupaukakerfi og/eða kaupréttakerfi skulu vera með þeim hætti að þau tryggi að hagsmunir viðkomandi félags og starfsfólks sem falla undir slík kerfi séu samofnir og að slík kerfi séu innan þess ramma sem er samfélagslega ásættanlegt miðað við það umhverfi sem félagið starfar í og séu jafnframt ekki fallin til að auka óhóflega áhættutöku félagsins eða starfsfólks þess. Ákvarðanir sem tengjast starfskjarastefnu skulu metnar út frá langtímasjónarmiðum og þess gætt að hagsmunir viðkomandi félags og hluthafa þess séu í fyrirrúmi til langs tíma, en ekki skammtímahagsmunir lykilstjórnenda.

### **Tengsl við móðurfélag Landsbréfa**

#### **7. gr.**

Landsbréf eru dótturfélag Landsbankans hf. Landsbréf hafa sett sér skýrar reglur um að félaginu skuli óheimilt að fara eftir beinum eða óbeinum fyrirmælum frá móðurfélagi sínu. Atkvæðarétti vegna sjóða Landsbréfa skal því ávallt beitt sjálfstætt og óháð Landsbankanum í samræmi við þá stefnu sem hér er sett.

### **Gildistaka o.fl.**

#### **8. gr.**

Stefna þessi var sett af stjórn Landsbréfa hf. þann 21. október 2024 og kemur í stað eldri stefnu um sama efni sem sett var 15. desember 2021.

Stefna þessi skal birt á vefsíðu Landsbréfa.